

102. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 7. febrúar 2023, kl. 12:00, að Hlíðasmára 10.

Mætt voru: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir og Teitur Erlingsson. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 101. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Starfsemi Markaðsstofu Kópavogs lögð niður

Stjórnarformaður upplýsti að bæjarstjóri hafi tilkynnt fulltrúum Kópavogsbæjar í stjórn og framkvæmdastjóra um að ákvörðun hafi verið tekin um að loka starfsemi Markaðsstofu Kópavogs. Uppgefin ástæða er skörun verkefna við nýstofnaða Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins og tilfærsla fjármagns til þess rekstrar.

Umræður urðu um málið og það verkefni að loka starfsemi Markaðsstofu Kópavogs. Fram kom að áhvílandi séu skuldbindingar í formi húsaleigusamnings, uppsagnarákvæðis í starfssamningi framkvæmdastjóra og greiddum aðildarfélagsgjöldum fyrir árið 2023, samtals að upphæð 23,5 m. kr. Samhljóða var samþykkt að leggja til að breytingar verið gerðar á samþykktum og nafni Markaðsstofunnar þannig að starfsemi Skóp, atvinnu- og nýsköpunarseturs muni haldið áfram á kennitölu félagsins. Framkvæmdastjóra var falið að uppfæra rekstraráætlanir miðað við að starfsemi Markaðsstofunnar verði lögð niður en starfsemi Skóp haldið áfram og verði gerð sjálfbær eins fljótt og mögulegt sé. Framkvæmdastjóra var falið, í samráði við formann og varaformann stjórnar, að móta tillögur um framkvæmd breytinga og reikna út kostnað við að loka Markaðsstofunni en halda starfsemi Skóp áfram. Stjórnarformaður mun kalla eftir fundi með bæjarstjóra til að kynna tillögur um framkvæmd verkefnisins um leið og þær liggja fyrir.

6. Önnur mál

Í ljósi framangreindrar umræðu um lokun starfsemi Markaðsstofunnar lagði framkvæmdastjóri fram spurningu um hvort að halda eigi morgunfund Markaðsstofunnar og Íslandsbanka, sem haldinn hefur verið í lok febrúar síðustu ár. Ákveðið var að óska eftir því við Íslandsbana að fundurinn verði haldinn.

Framkvæmdastjóri upplýsti að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, nýsköpunarráðherra hafi heimsótt Skóp í fylgd Ásdísar Kristjánsdóttur bæjarstjóra og fleiri gesta, mánudaginn 6. febrúar sl. Gestir gáfu sér góðan tíma í að skoða aðstöðuna, ræða starfsemi setursins og eiga samtal við þátttakendur. Þátttakendur upplifðu einlægan áhuga á þeirra verkefnum og jákvæðni í garð starfseminnar frá ráðherra, bæjarstjóra og öðrum gestum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.